

Fundargerð 96. fundar stjórnar Próunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 28. maí 2015, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,
Fjóla Hrund Björnsdóttir,
Sigrún Árnadóttir,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri ÞK, kom inn á fundinn undir lið nr. 5.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Tilboð vegna Lindarbrautar 634*

Framkvæmdastjóri fór yfir þau tilboð sem borist hafa í húsnæðið að Lindarbraut 634. Stjórn fól framkvæmdastjóra fullt og óskorðað umboð til að halda þeirri vinnu áfram á þeim nótum sem um var rætt.

3. *Tilboð í Bogatröð 31 (#2126)*

Tilboð hefur borist í hluta byggingar að Bogatröð 31. Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi tilboð í bygginguna með fyrirvara um að kostnaður við nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu falli á kaupanda. Stjórn fól framkvæmdastjóra að klára málið.

4. *Raflest*

Stjórn var upplýst um nýjustu vinnu varðandi raflest. Mikil þekking sem hefur skapast við verkefnið og mikill áhugi er á verkefninu, bæði innanlands sem og erlendis frá. Stjórn tók jákvætt í framangreinda vinnu og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

5. *Ársskýrsla og ársreikningur 2014*

Ásta Lárusdóttir kom inn á fund stjórnar undir þessum lið. Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning félagsins og skýrði frá helstu þáttum. Stjórnarformaður bar ársreikning félagsins upp til samþykktar og samþykkti stjórn hann samhljóða.

SKK
FTB

6. Önnur mál.

Lóðarleigusamningur við Verne


Framkvæmdastjóri skýrði stjórn frá nokkrum breytingum á lóðaleigusamningi við Verne sem gerðir hafa verið frá því að stjórn samþykkti samninginn á síðasta stjórnarfundum.

Heimsókn til fjárlaganefndar.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félagsins fóru nýlega á fund fjárlaganefndar. Stjórn upplýst um málið.

Ekkert fleira var rætt undir önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.55



Fjöla Hund Björnsdóttir